

Greinargerð um áhrif hugsanlegrar mengunar vegna urðunar við Bakkafjörð

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn um starfsleyfi sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, frá Langanesbyggð fyrir urðunarstað við Bakkafjörð. Sótt er um leyfi til að urða allt að 200 tonn á ári af almennum úrgangi.

Hér um að ræða svæði sem nýtt hefur verið til urðunar sl. 24 ár. Talið er að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítil á gróður og dýralíf þar sem framkvæmdasvæðið er ýmist raskað eða lítt gróið. Helstu áhrif eru talin geta verið vegna hugsanlegrar mengunar sigvatns og lyktarmengun vegna nálægðar við íbúðarbyggð.

Fyrirhugað er að setja í starfsleyfið ákvæði um vöktunarmælingar á sigvatni/grunnvatni til að fylgjast með mögulegri mengun. Einnig er ætlunin að setja í starfsleyfið ákvæði til að reyna að fyrirbyggja lyktarmengun.